



14. mars 2022

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 77. mál á 152. löggjafarþingi**

*Frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum (leyfisskylda)*

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpi þessu er það samið að tilstuðlan Hagsmunasamtaka heimilanna. Með frumvarpinu er stefnt að því að fella öll innheimtufyrirtæki undir sömu lagareglur er varða leyfisskyldu og eftirlit, óháð persónulegri stöðu endanlegra eigenda þeirra. Þannig er ætlunin að tryggja betur jafnræði og efla réttaröryggi neytenda á fjármálamarkaði.

Á 150. löggjafarþingi var frumvarp um breytingu á lögum um neytendalán vegna svokallaðra smálána samþykkt á Alþingi. Af því tilefni vilja samtökin vekja athygli á því að frumvarp þetta er mikilvægur liður í því að stemma stigu við ólögumætri innheimtu lána með óhæfilegan kostnað, með því að fella öll innheimtufyrirtæki undir leyfisskyldu og valdsvið Fjármálaeftirlitsins.

Þá kom fram í álit meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar á þskj. 718. í 223. máli á 150. löggj. að vinna væri í gangi í dómsmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti við að að skýra betur reglur um starfsemi löginneimtuaðila og eftirlit með starfseminni. Meirihlutinn hvatti til að þeirri vinnu yrði hraðað eins og kostur er og frumvarp lagt fram á vorþingi, en það hefur ekki enn gerst.

Af þessu tilefni benda Hagsmunasamtök heimilanna á að þau helstu atriði sem samtökin telja þurfa að skerpa á í innheimtulögum koma nú þegar fram í því frumvarpi sem hér um ræðir. Við þinglega meðferð málsins væri eðlilegt að leita eftir tillögum frá menningar- og viðskiptaráðuneyti sem frum- og milliinnheimta peningakrafna heyrir undir, en frumvarpið nær þó ekki yfir löginneimtu, sem fellur utan gildissviðs innheimtulaga skv. 2. málsl. 2. mgr. sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is